

## Valgreinar

Við höfum fjölgað val tímum í skólanum. Veturinn 2013-2014 voru fimm valgreinatímar á fyrstu önn, sex á annari og þriðju önn og áætlað er að nemendur fái sem svarar 8 valstundum frá og með skólaárinu 2014-2015. Á heimasíðu <http://tjarnarskoli.is/page/nemendur-upplýsingar> má sjá þær valgreinar sem nemendum hefur staðið til boða á öllum önnunum í skólanum. Val nemenda er þvert á alla árganga.



## Fjar- og dreifinám

Segja má að þessi þáttur skólastarfsins felist einkum í samskiptum við Fjölbautaskólann í Ármúla og Menntaskólann í Hamrahlíð. Í sumum tilfellum hafa nemendur tekið stöðupróf í MH sem eru haldin tvisvar á ári; í ágúst og desember. Með þessum hætti skapast tækifæri til að meta stöðu nemenda í einstökum námsgreinum. Við fáum staðfestingu frá skólanum um hvort nemandi hafi staðist kröfur um þekkingu sem skilar þeim ígildi þess að hafa lokið tilteknum námsáföngum. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel. Í öðrum tilfellum meta kennarar hvort nemandinn sé tilbúinn að takast á við fjarnámsáfanga. Foreldrar eru hafðir í samráði í þessari ákvarðanatöku. Ritari skólans sækir um áfanga fyrir hönd nemenda. Nemandinn þarf ekki að greiða fyrir þessa þjónustu. Við skólaútskrift fá nemendur skjal frá skólanum þar sem tilgreint er hvaða fjarnámsáföngum þeir hafa lokið, ásamt einkunn. Þessum upplýsingum er komið á framfæri þegar nemendur sækja um framhaldsskóla.